

## Fundargerð aðalfundar Kviku banka hf.

Fimmtudaginn 31. mars 2022, kl. 16:00, var aðalfundur Kviku banka hf. („bankinn“ eða „félagið“) haldinn á Grand Hótel, Háteigi, Sigtúni 28, 105 Reykjavík.

### Fundarsetning og skipun fundarstjóra

Stjórnarformaður bankans, Sigurður Hannesson, setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.

Stjórnarformaður lagði til að Óttar Pálsson lögmaður myndi gegna hlutverki fundarstjóra. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og lagði til að Ágúst Bragi Björnsson lögfræðingur hjá bankanum yrði fundarritari. Tillagan var samþykkt án athugasemda.

### Boðun fundar og tilskilinn meirihluti

Hlutaskrá félagsins lá fyrir á fundinum og samkvæmt henni var mætt fyrir 69 hluthafa, samtals fyrir 57,72% hlutfjár, annað hvort hluthafar sjálfir eða umboðsmenn þeirra. Fundarstjóri lýsti því yfir að stjórn félagsins hafi boðað til fundarins með þeim hætti sem lög um hlutafélög nr. 2/1995 („hfl.“) og samþykktir félagsins gera ráð fyrir. Hluthafar gerðu ekki athugasemd við boðun fundarins eða lögmati hans að öðru leyti.

Úrskurðaði fundarstjóri fundinn lögmatan og bærán til að afgreiða þau málefni sem á dagskrá fundarins voru.

### Atkvæðagreiðsla - Lumi AGM

Fundarstjóri fór yfir það að í samræmi við 80. gr. a hfl. og 3.8 gr. samþykktu félagsins jafngildi rafræn þátttaka fullgildri þátttöku á fundinum. Hægt væri að fylgjast með fundinum í gegnum vefstreymi auk þess sem hluthafar geti kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar í gegnum Lumi snjallforritið eða vefsíðu Lumi.

Hluthöfum var bent á að skrá inn auðkenni fundarins (*Enter Meeting ID: 123-587-512*). Því næst að skrá sig inn með notendanafni (*Username*) og lykilorði (*Password*). Þá var greint frá því að atkvæðagreiðsla á fundinum færi alfarið fram í gegnum Lumi AGM og var farið nánar yfir tilhögun atkvæðagreiðslu. Fram kom að hægt væri að greiða atkvæði í 15-20 sekúndur eftir að tillaga hafi verið borin upp á fundinum og að hægt væri að breyta atkvæðinu allt til loka þess frests. Atkvæði hluthafa eins og þau standa við lok frests til atkvæðagreiðslu myndar afstöðu þeirra til viðkomandi tillögu.

### Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu
3. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf
4. Tillaga um lækkun hlutfjár með niðurfellingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum félagsins
5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins
6. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins
7. Tillaga stjórnar um ráðstöfun úr sérstökum varasjóði félagsins
8. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins

9. Kosning endurskoðenda félagsins
10. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar
11. Önnur mál löglega fram borin

Var þá gengið til boðaðrar dagskrár:

### 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi síðastliðið starfsár

Sigurður Hannesson, stjórnarformaður félagsins, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir það markverðasta sem gerðist hjá félaginu á árinu 2021. Þá fór hann yfir helstu störf stjórnar á árinu og þær tillögur stjórnar sem lágu fyrir aðalfundinum.

### 2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 og ákvörðun um meðferð hagnaðar félagsins á reikningsárinu

Marinó Örn Tryggvason, forstjóri félagsins, fór yfir kynningu á afkomu félagsins á árinu 2021 og stöðu bankans í dag.

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

*„Lagt er til að ársreikningur ársins 2021 verði samþykktur eins og hann er lagður fram. Stjórn leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2022 og að hagnaður ársins 2021 leggist við eigið fé félagsins.“*

Fundarstjóri las tillöguna upp og varpaði henni á skjá til yfirferðar. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta.

### 3. Tillaga um að heimila félaginu að kaupa eigin hlutabréf

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

*„Aðalfundur Kviku banka hf. haldinn 31. mars 2022 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að; i) koma á formlegri endurkaupaáætlun og/eða ii) auka eða styrkja viðskiptavakt með hluti í félaginu, þannig að félagið eigi, að öðrum lagaskilyrðum fullnægðum, allt að 10% af hlutafé félagsins. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt. Heimild þessi gildir þar til á aðalfundi félagsins árið 2023.“*

Fundarstjóri las tillöguna upp og varpaði henni á skjá til yfirferðar. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta.

### 4. Tillaga stjórnar um lækkun hlutafjár með niðurfellingu eigin hluta og samsvarandi breytingu á samþykktum

Eftirfarandi tillaga lá fyrir fundinum:

*„Aðalfundur Kviku banka hf., haldinn þann 31. mars 2022, samþykkir að lækka hlutafé félagsins um 117.256.300 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 117.256.300 hlutum, úr*

*4.934.561.607 kr. í 4.817.305.307 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með niðurfellingu eigin hluta bankans að framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga."*

Fyrirnefnd tillaga um lækkun hlutafjár felur í sér breytingu á ákvæði gr. 2.1 samþykktá félagsins þannig að fái heimild Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands verður framangreint ákvæði samþykktanna eftirleiðis svohljóðandi:

*„Hlutfé félagsins er kr. 4.817.305.307. Engar hömlur eru settar við ráðstöfun hluthafa á hlutabréfum í félaginu.“*

Fundarstjóri las tillöguna upp og varpaði henni á skjá til yfirferðar. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta.

## **5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins**

Á fundinum lá frammi tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins í samræmi við 79. gr. a hfl. og var lagt til að hún yrði samþykkt. Þá lá fyrir fundinum skýrsla stjórnar um framkvæmd starfskjarastefnu á árinu 2021.

Var vísað til þessara gagna ásamt greinargerð með tillögu stjórnar, sem jafnframt lá fyrir fundinum.

Fundarstjóri gaf í kjölfarið orðið laust. Gildi lífeyrissjóður hafði fyrir fundinn sent bókun undir þessum dagskrárlíð. Fundarstjóri gerði grein fyrir bókuninni og las hana upp:

*„Gildi-lífeyrissjóður situr hjá við afgreiðslu tillögunnar. Breytingar sem lagðar eru til á starfskjarastefnu bankans á þessum aðalfundi eru jákvæðar að mati sjóðsins og miða að því að auka skýrleika stefnunnar.*

*Hins vegar telur sjóðurinn ekki rétt hvað varðar árangurstengdar launagreiðslur að vísa til þeirra hámarka sem í gildi eru á hverjum tíma samkvæmt lögum eða reglum Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands þannig að þau geti hækkað eflög eða reglur breytast. Ekki er sjálfgefið að háþörf breytist þrátt fyrir að þau breytist samkvæmt gildandi reglum og eðlilegt að hluthafafundur taki afstöðu til þess miðað við stöðuna á viðkomandi tímapunkti.*

*Þá gerir stefnan ráð fyrir því að kaupaukar geti verið greiddir í formi hlutabréfa eða hlutabréfatengdra réttinda, s.s. með áskriftarréttindum eða kaupréttum að hlutum í félaginu. Verðmæti kaupauka sem samanstendur af hlutabréfum eða hlutabréfatengdum gerningum skal miðast við markaðsverð, eða gangverð óskráðra gerninga, þegar kaupaukinn er veittur án tillits til frestunar. Þrátt fyrir að sjóðurinn telji að slíkt fyrirkomulag geti komið til greina telur hann þörf á nánari upplýsingum um skilmála slíkra gerninga, s.s. hver séu viðmið um nýtingarverð kaupréttá eða áskriftarréttinda, hvort það fari hækkandi yfir tíma og einnig hvort markmið sé um að réttthafar haldi eftir hlutabréfum í félaginu eftir nýtingu kaupréttá eða áskriftarréttinda.“*

Sigurður Hannesson kvað sér hljóðs og fór yfir framkomnar athugasemdir. Sigurður kvað stjórn vera þeirrar skoðunar að framkvæmdin væri í samræmi við gildandi lög og afstöðu starfskjaranefndar.

Fundarstjóri bar því næst tillögu um starfskjarastefnu undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta. Setið var hjá af hálfu 399.087439 hluta.

## 6. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar um tvær breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri varpaði eftirfarandi tillögum um breytingar upp á skjá til yfirferðar:

### (i) *Tillaga um heimild stjórnar til að gera samninga um kauprétti og/eða áskriftarréttindi við starfsmenn samkvæmt starfskjarastefnu og kaupaukakerfi.*

Stjórn félagsins leggur til að í samþykktir félagsins komi ný grein, bráðabirgðaákvæði III, svohljóðandi:

*„Stjórn félagsins er heimilt að gera samninga um kauprétti og/eða áskriftarréttindi fyrir allt að 240.000.000 hlutum í félaginu til greiðslu kaupauka til starfsmanna skv. starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins. Stjórnin ákveður kaupgengi og/eða áskriftargengi hluta og nánari skilmála réttindanna. Stjórninni er heimilt að kaupa eigin hluti, innan lögbundinna takmarkana, og/eða að hækka hlutafé félagsins með útgáfu nýrra hluta til að mæta skuldbindingum samkvæmt kaupréttarsamningum eða samningum um áskriftarréttindi. Hluthafar hafa ekki forgangsrétt til áskriftar að nýjum hlutum. Heimild þessi gildir í fimm ár.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta.

### (ii) *Undirnefndir*

Stjórn leggur til að grein 4.11 verði svohljóðandi:

*„Stjórn skal skipa félaginu áhættunefnd, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd, eigi síðar en mánuði eftir aðalfund. Skipun nefndarmanna skal fara fram í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Nefndarmenn skulu búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að sinna þeim hlutverkum sem undirnefndum stjórnar ber að sinna samkvæmt gildandi lögum og reglum. Hver nefnd skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar og skulu þær staðfestar af stjórn.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

## 7. Tillaga stjórnar um ráðstöfun úr sérstökum varasjóði félagsins

Eftirfarandi tillaga lá fyrir fundinum:

*„Stjórn leggur til að samþykkt verði að færa 1.900.000.000 kr. úr sérstökum varasjóði undir óráðstafað eigið fé félagsins.“*

Fundarstjóri las tillöguna upp og varpaði henni á skjá til yfirferðar. Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana með tilskildum meirihluta.

## 8. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins

Fundarstjóri rakti að samkvæmt samþykktum félagsins væri stjórn skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn.

Eftirtaldir einstaklingar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn félagsins:

- Sigurður Hannesson, kt. 2807803329
- Guðjón Reynisson, kt. 131163-3209
- Guðmundur Örn Þórðarson, kt. 100372-5259
- Helga Kristín Auðunsdóttir, kt. 020880-5389
- Ingunn Svala Leifsdóttir, kt. 030376-5369

Eftirtaldir einstaklingar gáfu kost á sér til setu í varastjórn félagsins:

- Helga Jóhanna Oddsdóttir, kt. 040773-3209
- Sigurgeir Guðlaugsson, kt. 290876-3709

Fundarstjóri úrskurðaði, að þar sem aðrir hefðu ekki gefið kost á sér til setu í aðalstjórn eða varastjórn félagsins innan framboðsfrests, væru þau Guðjón Reynisson, Guðmundur Örn Þórðarson, Helga Kristín Auðunsdóttir, Ingunn Svala Leifsdóttir og Sigurður Hannesson rétt kjörin í aðalstjórn félagsins, og þau Helga Jóhanna Oddsdóttir og Sigurgeir Guðlaugsson rétt kjörin í varastjórn félagsins til næsta aðalfundar félagsins.

## 9. Kosning endurskoðenda félagsins

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

*„Lagt er til að endurskoðunarfyrtækið Deloitte ehf. verði kosið sem endurskoðandi félagsins fyrir árið 2022.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

## 10. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar

Eftirfarandi tillaga stjórnar lá fyrir fundinum:

*„Lagt er til að þóknun stjórnarmanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 485.000 á mánuði („mánaðarleg stjórnarþóknun“) og þóknun stjórnarformanns verði tvöföld mánaðarleg stjórnarþóknun. Lagt er til að varaformaður stjórnar fái auk mánaðarlegrar stjórnarþóknunar greitt 40% af mánaðarlegri stjórnarþóknun til viðbótar. Lagt er til að stjórnarmenn fái greitt 25% af mánaðarlegri stjórnarþóknun fyrir hvern stjórnarfund umfram 15 fundi fram að næsta aðalfundi félagsins.“*

*Þá er lagt til að þóknun varamanna í stjórn verði helmingur mánaðarlegrar stjórnarþóknunar fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei hærra en mánaðarleg stjórnarþóknun innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal að lágmarki nema mánaðarlegri stjórnarþóknun á ári. Loks er lagt til að nefndarmenn undirnefnda stjórnar fái 45% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði og nefndarformaður fái þar að auki 10% af mánaðarlegri stjórnarþóknun á mánuði.“*

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Að svo búnu bar fundarstjóri tillöguna undir atkvæði hluthafa sem samþykktu hana samhljóða.

## 11. Önnur mál

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum og gaf fundarstjóri orðið laust.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

## FUNDARGERÐ OG FUNDARSLIT

Fundarritara og fundarstjóra var falið að ganga frá fundargerð fundarins. Fundargerðin verður birt á heimasíðu félagsins en jafnframt verður hún aðgengileg á skrifstofu félagsins. Engar athugasemdir bárust.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 17:20.

Til staðfestingar á ofangreindu er fundargerðin undirrituð af fundarstjóra og fundarritara rafrænt. Rafræn undirritun jafngildir skriflegri undirritun skv. lögum um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

Óttar Pálsson, fundarstjóri

Ágúst Bragi Björnsson, fundarritari

[Undirritunarsíða fylgir]

# Undirritunarsíða

Ágúst Bragi Björnsson

Óttar Pálsson